

JÓLA – JÓLASVEINN

Lag og ljóð: Ólafur Gaukur

Hver læðist inn í svefnherbergi' og lætur gott í skó
meðan litlu börnin sofa' í ró.

Það er einn jóla jóla jóla jólasveinn,
það er 'ann Gáttaþefur jólasveinn.

Hver kíkir oní pottana og krækir sér í mat
og af kjöti borðar á sig gat?

Það er einn jóla jóla jóla jólasveinn,
það er 'ann Bjúgnakækir jólasveinn.

Hver gægist ósköp laumulega' á gluggana um nótt
meðan góðu börnin lúra rótt?

Það er einn jóla jóla jóla jólasveinn,
það er hann Gluggagægir jólasveinn.

Hvern langar einhver kynstur jólakerti til að fá?

Hann er kúnstugur á svipinn sá.

Það er einn jóla jóla jóla jólasveinn,
það er hann Kertasníkir jólasveinn.

Hver skundar inn og hurðinni hann skellir eftir sér
rauða skotthúfu á höfði ber?

Það er einn jóla jóla jóla jólasveinn.
það er hann Hurðarskellir jólasveinn.

Og Kjötkrókur og Skyrgámur og líka Stekkjastaur
og svo Stúfur og hann Giljagaur.

Þeir eru jóla jóla jóla jólasveinarnir.

Og bestu grey sem við um jólin gleymum ei.